

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað gegn ákærða fyrir brot á 12. kap. hinna almennu hegningarlaga og áfengislöggjöfinni og eru tildrögin þessi:

Hinn 29. marz s. l. kom kærður upp á Akranes sunnan úr Reykjavík og var þá mikið ölvaður er hann steig á land. Veittist hann þá að lögreglustjóra er var við eftirlit þar á bryggjunni og þreif af honum hattinn og vöðlaði honum saman og varð úr þessu togstreita nokkur milli lögreglustjóra og kærðs. Brot þetta virðist bera að heimfæra undir 99. gr. hinna alm. hegningarl. 2. málsg. Svo hefir hann og gerzt brotlegur gegn áfengislögunum með því að vera ölvaður á almannafæri. Refsing sú er hann hefir unnið til virðist hæfilega ákveðin 300 kr. sekt í ríkissjóð og komi 21 dags einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til talsmanns síns, Magnúsar Jónssonar, 12 kr.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 3. maí 1933.

Nr. 139/1933. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Jacob Visser (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 25. júní 1932: Kærður, Jacob Visser, greiði 15000 króna sekt í Landhelgis-sjóð Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í b/v. P. G. 389 „Albert Sturm“, séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjókort stað varðskipsins „Maagen“ kl. 12,06, kl. 12,32 og kl. 12,44 þann 23. júní f. á., er botnvörpungurinn „Albert Sturm“ var stöðvaður, samkvæmt mælingum varðskipsforingjans. Segir forstöðumaðurinn, að staður sá, er varðskipið ætti að hafa verið á samkvæmt staðarákvörðun hans kl. 12,32, komi mjög vel heim við miðið, sem gert var þá. Ennfremur hefir forstöðumaður stýrimannaskólans dregið staðarlínu, bjúglínu, á kortið, fundna með hornmælingu milli eystra og vestra sjómerkisins á Meðallandssandi kl. 12,44, nefndan dag. Er sú staðarlína nær alstaðar innan við landhelgilínu, og sá punktur í periferíu þessa hrings, sem varðskipið var þá á, lendir alllögum spöl innan við landhelgislinu, en togarinn var þó þá enn nær landi. Telur forstöðumaðurinn því, að það hafi litla þýðingu, þótt hornið milli Hjörleifshöfða og vestra sjómerkisins á Meðallandssandi, sem notað var við staðarákvörðun varðskipsins, sé aðeins $5^{\circ} 7'$ — en af þessari ástæðu hefir verjandi viljað véfengja áreiðanleik staðarákvarðana varðskipsforingjans — með því að áðurnefndar athuganir hans, forstöðumannsins, taki af allan vafa um það, að togarinn hafi verið í landhelgi, þegar hann var tekinn. Með þessum athugasemdum og með tilliti til þess, að athuganir varðskipsforingjans voru gerðar um hádag og í góðu skyggni, verður að telja fullsannað, að áðurnefndur togari hafi verið í landhelgi, þegar varðskipið tók hann 23. júní f. á. Má því staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að sektin er ákveðin, með

hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, 17600 krónur og að greiðslufrestur hennar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun, skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að sektin ákveðst 17600 krónur og greiðslufrestur hennar 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði, Jakob Visser, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar 150 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Jakob Visser, skipstjóra á togaranum, Albert Sturm frá Wesermünde, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum. Málavextir eru þannig:

Varðskipið Maagen kom austan með landinu 22. þ. m. og gerði kl. 12,06 eftirfarandi staðarákvörðun:

Hjörleifshöfði (Varðan) rv. 259°

Eystra sjómerkið á Meðallandssandi 304° 5'

Stefnan rv. 235°

Um sama leyti sá varðskipið togara, sem hélt inn á land-

helgissvæðið og kl. 12,25 stansaði varðskipið til að gera nákvæmar staðarákvarðanir, og kl. 12,32 gerði varðskipið þessar staðarákvarðanir:

Hjörleifshöfði (Varðan)

> 5° 34'

Eystra sjómerkið á Meðallandssandi

> 68° 33,5'

Vestara sjómerkið á Meðallandssandi

Hatta ≠ vestara sjómerkið á Meðallandssandi

Dýpið mældist 110 metrar

Togarinn stefndi í rv. 260°

Kl. 12,35 dró varðskipið upp stöðvunarmerki og þar á eftir var skotið þremur aðvörunarskotum, en kl. 12,40 hafði togarinn snúið sér og stefndi út frá landi.

Kl. 12,42 skaut varðskipið skörpu skoti og eftir það hægði togarinn á ferðinni og byrjaði að draga inn stjórnborðsvörpuna, sem hann hafði haft í eftirdragi.

Kl. 12,44 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á varðskipinu og lá þá togarinn um 200 metrum fyrir innan varðskipið.

Hjörleifshöfði (Varðan)

> 85° 49,5'

Vestara sjómerkið á Meðallandssandi

> 85° 49'

Eystra sjómerkið á Meðallandssandi

Suðurhluti Höttu ≠ vestara sjómerkinu á Meðallands-sandi. Fjarlægðin frá eystra sjómerkinu á Meðallands-sandi var mæld og mældist 5000 metrar, sem skipherrann kveðst þó ekki staðhæfa sem alveg nákvæma.

Dýpið mældist með handlóði 100 metrar, en línan lá dálítið skáhalt, svo hið raunverulega dýpi mun hafa verið 87 metrar. Þessar mælingar kveður skipherrann sýna að togarinn hafi verið 1500 metra fyrir innan landhelgis-línuna, þegar komið var að honum, svo hann mun hafa verið um 1 sjómílu fyrir innan landhelgislínuna áður, því að togarinn hafi legið 200 metrum innar en þar sem mælingin var gerð og hafi verið búinn að sigla út frá landi um 3 mínútur.

Einn af sjóliðsmönnum varðskipsins var sendur um borð í togarann og skipstjóra togarans fyrirskipað að

koma um borð í varðskipið og hafa með sér pappíra sína og sjókort. Skipherrann kveðst síðan hafa sýnt skipstjóranum staðarákvörðunina og fengið honum sextant til þess að hann gæti einnig gert sínar staðarákvarðanir. Kærður reyndi að mæla flatarhorn en hætti svo við það, hann reyndi einnig að mæla hæðarhorn til eystra sjómerkisins á Meðallandssandi en hætti einnig við það og kvaðst mundi gera það um borð í togaranum. Skipherrann kveðst þá hafa beðið kærðan að sjá um að maður yrði við frá varðskipinu er hann gerði þessar mælingar. Þetta gerði kærður ekki enda kveðst hann engar mælingar hafa gert eftir þetta, því togarinn hafi rekið svo mikið úr stað frá þeim tíma að hann var tekinn og til þess tíma að hann kom úr varðskipinu í togarann aftur.

Kærður hefir þær athugasemdir fram að færa við skýrslu varðskipsstjórans, að hún sé alls ekki rétt, og hann hefir neitað því mjög ákveðið, að hann hafi verið að veiðum innan landhelgi er varðskipið kom að honum, heldur kveðst hann hafa verið langt fyrir utan landhelgi.

Kærður telur að mælingar varðskipsins séu sérstaklega óáreiðanlegar vegna þess, að sjór hafi verið talsvert úfinn, nokkur stormur en varðskipið sé svo lítið og fari svo illa í sjó að mjög erfitt sé eða næstum ómögulegt að gera á því nákvæmar mælingar. Skipherrann telur þessa staðhæfingu alranga og bendir til þess, að staðarákvarðanir, sem hann hafi gert, séu staðreynd frá sinni hendi. Hann kveður varðskipið hafa haft segl uppi og vélin hafi verið í hægum gangi, og þegar svo sé liggi skipið fremur stöðugt í sjó. Það verður því að álíta, að þessi mótbára kærðs sé ekki á rökum reist.

Kærður telur sig sjálfan hafa gert staðarákvarðanir, sem sýni, að hann hafi verið á allt öðrum stað en mælingar varðskipsins ákveða, en þessar mælingar gerði hann einn, þær eru aðallega miðanir yfir kompás og ekki sannprófaðar nema að litlu leyti af stýrimanni hans. Það verður því ekki talið, að þessar mælingar fái hnekkkt mælingum varðskipsins og verður því að leggja mælingar varðskipsins til grundvallar í þessu máli.

Það verður því að telja það sannað, að kærður í þessu máli hafi verið að veiðum í landhelgi með stjórnbörðsvörpu, þegar varðskipið kom að honum kl. 12,44, 22. þ. m.

Kærður hefir því að álitni réttarins brotið gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing sú sem hann hefir tilunnið fyrir það eftir 3. grein laganna samanber 1. grein laga nr. 4 frá 1924 hæfilega ákveðin 15000 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, með tilliti til þess að gengi íslenzkrar krónu er nú í dag þannig, að hún jafngildir 60,63 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 6 mánaða einfalt fangelsi ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í b/v P. G. 389 „Albert Sturm“, séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Miðvikudaginn 3. maí 1933.

Nr. 29/1933. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Þorvaldi Kristjáni Ólafssyni

(Lárus Jóhannesson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. febr. 1933: Kærði, Þorvaldur Kristján Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga og greiði 800 krónur í sekt til ríkissjóðs innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella komi í stað sektarinnar einfalt fangelsi í 40 daga. Framangreind bruggunartæki og áfengi skal upp-tækt og eign ríkissjóðs. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta